



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Alþingi,
101 Reykjavík.

Borgarnesi, 15. október 2021.

Efni: Alþingiskosningar 25. september 2021.

Með bréfi dagsettu 13. október síðastliðinn óskaði Alþingi eftir svörum við tilteknum spurningum sem lúta m.a. að staðháttum á talningarstað Norðvesturkjördæmisins og tilteknum framkvæmdaatriðum kosninga til Alþingis 25. og 26. september sl.

Aðkoma lögreglu skýrist af því að hinn 27. september 2021 barst Lögreglustjóranum á Vesturlandi kæra varðandi meint brot á lögum nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis vegna talningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi. Í kærinni er krafist rannsóknar á mörgum atriðum. Með vísan til l. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að mörg kæruefni heyri ekki undir rannsókn lögreglu. Til rannsóknar hjá lögreglu var hvernig vörslum eða geymslu kjörgagna var háttað á þeim tíma sem leið á meðan yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis var ekki á talningarstað og hins vegar hvernig háttað var um tilkynningar til umboðsmanna framboða um endurtalningu atkvæða. Rannsókn lögreglu hófst sama dag og kærán barst og lauk hinn 30. september sl. Málið er til meðferðar á ákærusviði embættis lögreglustjórans á Vesturlandi.

Spurningar Alþingis eru teknar upp í svari þessu *inndregnar og skáletraðar* og svör og athugasemdir tilgreind fyrir neðan hverja spurningu.

I. Staðhættir á Hótel Borgarnesi.

I.1. Af fundargerð yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi 25.-26. september sl. má leiða að talning atkvæða í Norðvesturkjördæmi fór fram í sal Hótel Borgarness. Af þessu tilefni er óskað upplýsinga um eftirfarandi:

I.1.a. Hversu margir inngangar eru í salinn?

Eftir að kosningum lauk kvöldið 25. september 2021 taldi yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis atkvæði í sal á Hótel Borgarnesi í Borgarnesi. Lögreglan hefur gert rannsókn á vettvangi á Hótel Borgarnesi, meðal annars kannað dyr og innganga að salnum þar sem yfirkjörstjórn athafnaði sig og talning fór fram. Þegar yfirkjörstjórn athafnaði sig í salnum voru þrír inngangar inn í salinn.

I.1.b. Hversu margar dyr eru úr salnum og hvert leiða þær?

Vísað er til svars við spurningu I.1.a. um að þrír inngangar eru inn í salinn.

Aðalinngangur liggur að anddyri hótelsins.

Til hliðar við aðalinngang í salinn (vinstra megin við aðalinngang þegar horft er úr anddyri) er alla jafnan opið svæði, þar sem hægt er að ganga úr anddyri hótelsins upp tröppur og um breiðan



Lögreglustjórnin á Vesturlandi

Inngang inn í salinn. Þessu opna svæði, sem er merkt inn á uppdrátt á skjali nr. I-12-4, hafði verið lokað á meðan yfirkjörstjórn var með aðstöðu í hótelinu og athafnaði sig í salnum.

Inngangur (vængjahurðir) er að starfsmannarými og eldhúsi og þaðan inn um hótél.

Inngangur (hér eftir kallaður bakdyr) er um rými þar sem er loftræstibúnaður og þaðan að brunaútgangi.

Fyrir utan þessar þrennar dyr eru þrjár aðrar dyr úr salnum inn í tvær lokaðar geymslur sem aðeins eru aðgengilegar úr salnum sjálfum.

Á grunnteikningu, sem fylgir hjálögð, merkt skjal I-12-4, eru teiknaðar tvöfaldar dyr út úr salnum, hægra megin séð frá aðalinngangi í salinn, en þar eru engar dyr núna.

I.1.c. eru allar hurðir með lás eða þannig gerðar að unnt sé að læsa þeim? Ef svo er, með hvers konar lás eða læsingu?

Hægt er að læsa aðaldyrum að salnum (sem liggja að anddyri hótelsins) og bakdyrunum (sem liggja að brunaútgangi). Þessar tvennar dyr eru með venjulegum og algengum læsingabúnaði, eins punkta lykillæsingu.

Rannsókn lögreglu hefur leitt í ljós að aðaldyrum að salnum var læst eftir að yfirkjörstjórn fór af vettvangi. Þetta er staðfest með rannsókn á upptökum úr eftirlitsmyndavélum.

Bakdyrum mun hafa verið læst eftir að yfirkjörstjórn fór af talningarstað, en það sést ekki á upptökum úr eftirlitsmyndavélum. Þessar dyr höfðu verið opnar um nóttina til að lofta út. Það liggur ekki fyrir staðfest hvenær bakdyrum var læst. Starfsmaður hótels sést á upptöku ganga um salinn um það leyti sem yfirkjörstjórn er að fara, um kl. 7:14, og svo aftur upp um kl. 8:15, en ekki liggur fyrir í hvorri ferðinni tryggt var að bakdyrnar væru læstar. Því er ekki hægt að fullyrða hvort bakdyrum var læst um kl. 7:14 eða um kl. 8:15.

Dyr að starfsmannaaðstöðu, eldhúsi og þaðan í aðra hluta hótelsins eru vængjahurðir og þessum dyrum var ekki læst og ekki hægt að læsa þeim.

Gluggar eru hátt á veggjum og þeir voru allir byrgðir við vettvangsskoðun lögreglu svo ekki sá út eða inn um þá.

I.1.d. Hverjir höfðu lykla eða aðgangskort að þeim hurðum í salnum sem hafa lás á tímabilinu kl. 7:00 26. september til kl. 13:00 sama dag?

Ekki eru aðgangskort að læsingum þeirra dyra að salnum sem hægt er að læsa. Upplýst hefur verið að allnokkrir starfsmenn hótelsins höfðu lykla að dyrum inn í salinn, eða aðgang að lyklum. Ekki er vitað hve margir lyklar eru til að þeim dyrum salarins sem hægt er að læsa.

I.2. Í framangreindri fundargerð yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi segir einnig að fundi yfirkjörstjórnar hafi verið frestað kl. 07:35 og ákveðið hafi verið að honum yrði framhaldið kl. 13:00. Síðar kemur fram að á meðan fundarfrestun stóð voru kjörgögn geymd í salnum þar sem talningin fór fram en hann hafi verið læstur og öryggismyndavélar væru við inngang hans.

I.2.a. Hversu margar eftirlitsmyndavélar eru í, og utan við, sal Hótels Borgarness, sem notaður var sem talningarsalur Norðvesturkjördæmis?

Tvær eftirlitsmyndavélar eru í salnum og þrjár utan við innganga.

I.2.b. Voru eftirlitsmyndavélarnar virkar 25.-26. september sl. og tóku þær upp myndefni?

Eftirlitsmyndavélarnar voru virkar 25.-26. september sl. og tóku upp myndefni. Upptökur eru í vörslum lögreglu.



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

I.2.c. Hvert er sjónarhorn hverrar eftirlitsmyndavélar fyrir sig?

Staðsetning eftirlitsmyndavéla og áætlað sjónarhorn þeirra hefur verið teiknað inn á uppdrátt sem er merktur sem skjal nr. I-12-4.

Ein eftirlitsmyndavél er í anddyri hótelsins og sjónarhorn hennar er að aðalinngangi í salinn.

Tvær eftirlitsmyndavélar eru inni í salnum. Önnur þeirra er til hliðar við aðalinnganginn og sýnir meðal annars innganginn sjálfan. Hin er við dyr að starfsmannaaðstöðu og beinist á svæðið við þann inngang og í áttina að aðalinngangi.

Ein eftirlitsmyndavél er í starfsmannarými, við dyr milli salar og starfsmannaaðstöðu og beinist á svæðið við þann inngang.

Ein eftirlitsmyndavél er á bakhlið hússins, við brunaútgang, en hún sýnir ekki brunaútganginn sjálfan heldur beinist hún út á planið þar fyrir utan.

I.2.d. Er svæði í talningarsalnum, einstakir inngangar, eða svæði fyrir utan hann sem eftirlitsmyndavélar taka ekki myndir af?

Engin eftirlitsmyndavél sýnir svæðið þar sem yfirkjörstjórn athafnaði sig og kjörgögn voru geymd á meðan yfirkjörstjórn var fjarverandi.

I.2.e. Hefur lögregla skoðað myndefni úr þeim eftirlitsmyndavélum sem staðsettar eru í eða utan við salinn frá kl. 7:00 sunnudaginn 26. september til kl. 13:00? Hafi lögregla skoðað myndefnið er óskað upplýsinga um hvort það beri með sér að einhver hafi gengið inn í eða út úr salnum á umræddum tíma.

Lögregla hefur skoðað upptök úr eftirlitsmyndavélum. Gerð hefur verið upplýsingaskýrsla um skoðun myndskeiða úr eftirlitsmyndavélum, merkt sem skjal nr. I-4. Þessi upplýsingaskýrsla fylgir hjálögð merkt sem trúnaðarmál. Nöfn og andlit hafa verið hulin.

I.2.f. Ef til staðar er myndefni úr eftirlitsmyndavélum sem sýnir salinn er óskað upplýsinga um hvort ráða megi af því hvort átt hafi verið við kjörgögn sem voru geymd í salnum á þessu tíma. Þ.e. hvort einhver hafi komið inn í salinn eða komið úr honum. Einnig hvort einhver hafi farið með eitthvað með sér inn í salinn, fært kjörgögn úr stað, tekið með sér kjörgögn úr salnum, komið þeim fyrir á öðrum stað, eða hvort með öðrum hætti ráða megi af myndefni að eitthvað hafi verið ritað á kjörgögn eða átt við þau á annan hátt.

Rannsókn lögreglu á upptökum úr eftirlitsmyndavélum hefur leitt í ljós að á því tímabili sem yfirkjörstjórn var fjarverandi gekk starfsfólk hótelsins um salinn. Af upptökunum virðist starfsfólk hótelsins vera að vinna við ýmis tiltekta- og frágangsverk sem tilheyrir rekstri hótels.

Vegna þess hvernig sjónarhorn eftirlitsmyndavéla er hverfur starfsfólkið annað slagið úr sjónsviði eftirlitsmyndavéla í stutta stund, frá því að vera í nokkrar sekúndur upp í 2 mínútur og 25 sekúndur.

Á upptökum úr eftirlitsmyndavélum sést ekki umgangur annarra en starfsmanna hótelsins á þeim tíma sem yfirkjörstjórn var fjarverandi.

Vegna þess að eftirlitsmyndavélar sýna ekki svæðið þar sem kjörgögn voru geymd getur lögregla ekki fullyrt, af eða á, um hvort farið var að svæðinu þar sem kjörgögn voru geymd á meðan yfirkjörstjórn var fjarverandi. Teknar hafa verið vitnaskýrslur af starfsfólki hótelsins sem segist aldrei hafa átt við kjörgögnin.



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Í yfirheyrslu hjá lögreglu sagðist yfirkjörstjórnarmaður A hafa þá bjargföstu trú að ekki hafi verið átt við kjörseðlana og vísaði til þess að allir sem þekktu til kjörseðla sæju hvort átt hefði verið við þá eða þeim breytt, slíkt væri augljóst við yfirferð.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu sagðist yfirkjörstjórnarmaður B ekki átta sig á því hvort hreyft hefði verið við kjörgögnum á þeim tíma sem yfirkjörstjórn var fjarverandi.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu sagðist yfirkjörstjórnarmaður C ekki hafa séð neina breytingu á neinu þegar yfirkjörstjórn kom aftur á talningarstað.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu sagði yfirkjörstjórnarmaður D að allt hefði verið með eins móti þegar yfirkjörstjórn kom til baka á talningarstað.

I.2.g. Eru einhverjar ástæður til að draga í efa áreiðanleika myndefnis úr öryggismyndavélum Hótel Borgarness?

Hugbúnaðurinn í eftirlitsmyndavélakerfinu á Hótel Borgarnesi er frá Milestone. Þessi hugbúnaður er víða notaður og almennt talinn áreiðanlegur. Tími í eftirlitsmyndavélakerfinu var borinn saman við rauntíma og sannreynður réttur.

II. Atriði er lúta að kröfum laga um kosningar til Alþingis.

II.1. Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá 25.-26. september sl. segir m.a.: „Í kjölfarið á því að kjörkassar bárust á talningarstað voru þeir opnaðir og farið yfir gerðarbækur og skýrslur sem fylgdu þeim. Eftir að afstemming hafði farið fram fóru atkvæðaseðlar í flokkun og seinna í talningu eftir að hún hófst.“ Hefur lögregla upplýsingar eða gögn um hvort yfirkjörstjórn gekk úr skugga um hvort fjöldi greiddra atkvæða úr atkvæðakössum kjördeilda stemmdi við fjölda kjósenda samkvæmt gögnum undirkjörstjórna, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 99. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000? Ef svo, er óskað upplýsinga um hvort fjöldi atkvæðaseðla stemmdi við skráningu um kjörsókn frá kjördeildum. Að auki er óskað upplýsinga um hvort framangreint hafi verið gert að viðstöddum umboðsmönnum eða kjósendum, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna.

Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu. Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu.

Starfsmaður yfirkjörstjórnar miðlaði þeim upplýsingum til lögreglu að bókhald varðandi þetta væri til, en það var ekki skoðað hjá lögreglu. Þessum upplýsingum er hér með komið á framfæri.

II.2. Liggja fyrir upplýsingar um það hverjir voru kynntir umboðsmenn.

Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu. Rannsókn lögreglu beindist ekki sérstaklega að þessu varðandi frumtalningu atkvæða. Í fundargerð yfirkjörstjórnar er bókað hverjir voru viðstaddir frumtalningu af hálfu hvaða framboðs.

II.3. Liggja fyrir upplýsingar um frágang kjörgagna eftir að talningu lauk kl. 07:15 og þar til endurtalningu lauk kl. 18:05 sunnudaginn 26. september, sbr. 104. gr. laga um kosningar til Alþingis?

Vísað er til svars við spurningu I.2.f. Síðasti yfirkjörstjórnarmaður fór út úr salnum kl. 7:09 og skv. framburðum hjá lögreglu var talningu lokið nokkru áður en yfirkjörstjórnarfolk fór af talningarstað.

Lögregla hefur aflað ljósmynda sem starfsmaður hótelsins tók inni í salnum kl. 8:07 og tveir starfsmenn hótelsins tóku kl. 9:40. Þessar myndir voru teknar á meðan yfirkjörstjórn var fjar-



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

verandi og sýna að kjörgögn voru ekki geymd í lokuðum kössum eða undir innsigli á þeim tíma sem yfirkjörstjórn var fjarverandi.

Rannsókn lögreglu beindist ekki að því hvernig vörslum kjörgagna var háttað eftir að yfirkjörstjórn kom aftur á talningarstað.

II.4. Hefur lögregla upplýsingar um hvort ákvörðun um talningu atkvæða, sem fór fram eftir hádegi sunnudaginn 26. september sl. í Norðvesturkjördæmi, hafi verið tekin á fundi yfirkjörstjórnar kjördæmisins? Hafi yfirkjörstjórn ekki verið sammála um ákvörðunina er óskað upplýsinga um hvort fyrir liggi hvernig atkvæði innan yfirkjörstjórnarinnar féllu.

Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyrir ekki undir rannsókn lögreglu. Sumt yfirkjörstjórnarfolk tjáði sig hins vegar um þetta við yfirheyrslu hjá lögreglu og því hægt að veita upplýsingar um það.

Yfirkjörstjórnarmaður A gat um að flokkun atkvæða hafi verið skoðuð og fundist hafi nokkur atkvæði ranglega flokkuð og þá haft á orði að það væri ekki spurning um að það þyrfti að telja aftur.

Yfirkjörstjórnarmaður B sagði ekkert sérstaklega hafa verið rætt um það innan yfirkjörstjórnar hvort þyrfti að endurtelja.

Yfirkjörstjórnarmaður C sagði að skilaboð og ábending frá Landskjörstjórn hafi verið rædd og að eftir skoðun á atkvæðabunka eins framboðsins, þar sem fundust ranglega flokkuð atkvæði, hafi þeim fundist sem ekki kæmi annað til greina en að telja aftur.

Yfirkjörstjórnarmaður D sagði enga umræðu hafa verið um endurtalningu innan yfirkjörstjórnar en að þetta hafi verið ákvörðun formanns líklega með landskjörstjórn.

Yfirkjörstjórnarmaður E bar um að tilmæli hefðu komið frá Landskjörstjórn um hvort rétt væri að skoða endurtalningu og þegar skoðað hefði verið í atkvæði eins framboðsins þá hafi ekki verið annað hægt en að endurtelja.

II.5. Hefur lögregla upplýsingar um hvort einhver úr yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis hafi á einhverjum tímapunkti verið ein(n) í talningarsal með kjörgögnum?

Rannsókn lögreglu á upptökum úr eftirlitsmyndavélum hefur leitt í ljós að yfirkjörstjórnarmaður A kom fyrstur á talningarstað kl. 11:59. Starfsmaður hótelsins aflæsti aðaldyrum að salnum á sama tíma og fór síðan út úr salnum.

Yfirkjörstjórnarmaður B talar ekki um hvað klukkan var þegar hann mætti aftur.

Yfirkjörstjórnarmaður C sagðist hafa komið inn í salinn um kl. 13:03.

Yfirkjörstjórnarmaður D sagðist hafa komið inn í salinn um kl. 12:15.

Yfirkjörstjórnarmaður E sagðist hafa komið inn í salinn um kl. 12:30.

Af þessu má ráða að nefndarmaður í yfirkjörstjórn var einn á talningarsvæði frá um kl. 12:00 til um kl. 12:15.

II.6. Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis kemur m.a. fram: „Í fyrsta C atkvæðabunka sem oddviti tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista. Yfirkjörstjórn fór í framhaldi yfir öll atkvæði C lista þ.e. athugaði hvort öll önnur en fyrrgreind atkvæði D og B lista tilheyrðu ekki örugglega C lista sem voru í bunkum merktum C. Svo reyndist vera en þá lá fyrir að mannleg mistök höfðu átt sér stað við talningu atkvæða undir morgun og níu atkvæði höfðu ranglega lent í atkvæðabunka C lista sem tilheyrðu öðrum framboðslistum. Með hliðsjón af þessu taldi



Lögreglustjórnin á Vesturlandi

yfirkjörstjórn ekki annað fært en að endurtelja öll atkvæði sem talin höfðu verið og yfirfara annað sem kynni að hafa leitt til þess að fyrrgreind niðurstaða um fjölda atkvæða hvers framboðslista væri ekki rétt.“ Hefur lögreglan upplýsingar um klukkan hvað framangreint átti sér stað og hverjir voru þá viðstaddir?

Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu.

II.7. Hefur lögregla upplýsingar um hvort sú talning atkvæða sem fór fram eftir hádegi sunnudaginn 26. september sl. hafi verið auglýst með einhverjum hætti, og þá hvenær?

Við rannsókn lögreglu kom fram að yfirkjörstjórn hringdi í umboðsmenn framboða en endurtalning var ekki auglýst sérstaklega. Ljóst er að ekki náðist í þá alla umboðsmenn framboða. Fyrir liggur að hringt var í rangan umboðsmann framboðs Pírata, að því að virðist sökum þess að upplýsingar höfðu ekki verið uppfærðar hjá yfirkjörstjórn.

II.8. Þar sem talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum skv. 1. mgr. 98. gr. laga um kosningar til Alþingis, er óskað upplýsinga um hvort einhverjir aðrir en yfirkjörstjórn, starfsfólk hennar og umboðsmenn framboðslista hafi verið viðstaddir talningu atkvæða, að morgni sunnudags og eftir hádegi á sunnudag.

Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu. Í gögnum lögreglu liggja ekki fyrir upplýsingar varðandi þetta.

II.9. Hefur lögregla upplýsingar um hvernig meðferð og varðveisla ónotaðra kjörseðla var háttað af hálfu yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis; hvort haldið hafi verið utan um fjölda þeirra við móttöku yfirkjörstjórnar frá undirkjörstjórnnum og hversu marga ónotaða kjörseðla er nú að finna með kjörgögnum Norðvesturkjördæmis sem varðveittir eru í Borgarnesi? Hversu margir ónotaðir kjörseðlar ættu að vera í kjörgögnum miðað við bókhald undirkjörstjórnna.

Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu. Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu.

Starfsmaður yfirkjörstjórnar miðlaði þeim upplýsingum til lögreglu að bókhald varðandi þetta væri til, en það var ekki skoðað hjá lögreglu. Þessum upplýsingum er hér með komið á framfæri.

II.10. Hefur lögregla upplýsingar um viðveru umboðsmanna framboðslista við talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi? Er þá nánar átt við upplýsingar um nöfn þeirra, fyrir hvaða framboðslista þeir mættu og hvenær og hversu lengi viðvera hvers umboðsmanns stóð yfir. Hafi ekki verið mætt fyrir hönd allra framboðslista er óskað upplýsinga um hvort yfirkjörstjórn hafi skipað valinkunna menn til að gæta réttar af hendi listans, sbr. 2. mgr. 98. gr. laga um kosningar til Alþingis. Hafi lögregla upplýsingar um ástæður þess að það var ekki gert er óskað eftir þeim skýringum. Að auki er óskað upplýsinga um hvaða umboðsmenn framboðslista voru boðaðir sérstaklega til endurtalningar sem hófst kl. 15:10 sunnudaginn 26. september í kjördæminu og hverjir þeirra mættu til að vera við talninguna.

Vísað er til fundargerðar yfirkjörstjórnar varðandi þetta.

Við rannsókn lögreglu kom fram að þegar ákveðið hafði verið að endurtelja og hringt var í umboðsmenn framboða, náðist ekki í þá alla. Fyrir liggur að hringt var í rangan umboðsmann framboðs Pírata. Upplýst hefur verið að símtal átti sér stað milli formanns yfirkjörstjórnar og umboðsmanns Pírata um það leyti sem endurtalning átti að byrja. Fyrir liggur að endurtalning var byrjuð áður en umboðsmaður framboðs Pírata var mættur á staðinn.



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

II.11. Hefur lögregla undir höndum staðfest endurrit fundargerða yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis eða ljósrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, sem ljóst má vera að allir fulltrúar yfirkjörstjórnar leggja nafn sitt við? Ef svo er ekki er óskað skýringa, búi lögregla yfir slíkum upplýsingum.

Í gögnum málsins liggur fyrir vélrituð fundargerð yfirkjörstjórnar, sjá skjal merkt I-2. Þá er einnig í gögnum málsins ljósrit úr fundargerðabók yfirkjörstjórnar, sjá skjal merkt I-13. Hvorugt skjalið ber með sér undirritun allra kjörstjórnarmanna. Yfirkjörstjórnarfólk hefur lýst því í yfirheyrslum að fundargerðin hafi gengið á milli í tölvupósti og sumt yfirkjörstjórnarfólk gert athugasemdir en ekki liggur fyrir að hvaða leyti eða hvernig brugðist var við þeim eða hvað af athugasemdunum rataði inn í endanlega fundargerð. Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu. Í framburði yfirkjörstjórnarmanns A kom fram að fundargerð hafi verið frágengin endanlega á mánudeginum.

II.12. Liggja fyrir upplýsingar frá yfirkjörstjórn um af hverju bókanir umboðsmanna framboðslista er ekki að finna í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá 25.-26. september sl.?

Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu. Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu.

II.13. Í fundargerð yfirkjörstjórnar segir m.a.: „Enginn ágreiningur varð um þá kjörseðla sem voru taldir ógildir því þeir voru allir án vafa ógildir.“ Liggja fyrir upplýsingar um af hverju yfirkjörstjórn færði hvorki fjölda ógildra atkvæðaseðla né ástæður þeirra í fundargerð, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 103. gr. laga um kosningar til Alþingis?

Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu. Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu.

II.14. Hefur lögregla upplýsingar um hvort úrskurðað hafi verið um vafaatkvæði í þeirri talningu atkvæða sem hófst kl. 15:10 sunnudaginn 26. september í Norðvesturkjördæmi? Hafi vafaatkvæði verið tekin til úrskurðar er óskað upplýsinga um hverjir hafi verið viðstaddir þá úrskurði og hvort ágreiningur hafi verið milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna um einstaka kjörseðla.

Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu. Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu.

III. Önnur atriði.

III.1. Hefur lögreglan upplýsingar um klukkan hvað myndir sem [REDACTED] setti á samfélagsmiðilinn Instagram, og sýndu talningasvæði í Norðvesturkjördæmi, voru teknar og hvenær þær voru birtar á samfélagsmiðlinum.

Lögregla hefur aflað ljósmynda sem starfsmaður hótelsins tók inni í salnum kl. 8:07 og tveir starfsmenn hótelsins tóku kl. 9:40. Rannsókn lögreglu beindist að því hvenær myndirnar voru teknar, ekki að því hvenær sumar þeirra voru birtar á samfélagsmiðlum eða teknar þaðan út.

III.2. Telur lögreglan ástæðu til að koma frekari upplýsingum á framfæri við nefndina, en þeim sem spurt er um hér að framan?

Starfsmaður yfirkjörstjórnar miðlaði þeim upplýsingum til lögreglu að bókhald varðandi afstemmingu kjörseðla væri til, en það var ekki skoðað hjá lögreglu. Þessum upplýsingum er hér með komið á framfæri.



Lögreglustjórnin á Vesturlandi

Kjörgögnin eru í geymslu í lokuðum fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi. Geymsla kjörgagnanna á lögreglustöðinni er að beiðni yfirkjörstjórnar. Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhaft um langa hríð. Ástæða er til að taka fram að geymsla kjörgagnanna á lögreglustöðinni í Borgarnesi er ekki tengd þeirri kæru sem til meðferðar er eða meðferð máls nr. 313-2021-020554. Klefinn er innsiglaður með innsigli yfirkjörstjórnar til áréttingar um að fangaklefinn er frátekin fyrir yfirkjörstjórn. Eftirlitsmyndavél vaktar klefann.

Virðingarfyllt,

Gunnhar Örn Jónsson

lögreglustjóri á Vesturlandi.

Hjálagt:

Uppdráttur, grunnteikning Hótel Borgarnes, skjal merkt I-12, 4 bls.

Skýrsla um skoðun myndskaiða úr eftirlitsmyndavélum, skjal merkt I-4, 6 bls., trúnaðarmál, nöfn og andlit hafa verið hulin.

Vélrituð fundargerð yfirkjörstjórnar, skjal merkt I-2, 5 bls.

Ljósrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar, skjal merkt I-13, 6 bls.

FUNDARGERÐ

Laugardaginn 25. september 2021 kl. 09:30 kom yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis saman til fundar á Hótel, Borgarnesi. Við upphaf fundar voru mætt Ingi Tryggvason oddviti og Guðrún Sighvatsdóttir. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir mætti kl. 10:30 og aðeins seinna komu til fundarins Bragi R. Axelsson og Katrín Pálsdóttir.

Þá er mætt Berglind Lilja Þorbergsdóttir starfsmaður yfirkjörstjórnar.

Tílefni fundarins eru kosningar til Alþingis.

Fram eftir degi voru verkefni yfirkjörstjórnar undirbúningur fyrir flokkun og talningu atkvæða að loknum kjörfundi, taka saman tölur um kjörsókn og svara fyrirspurnum frá kjörstjórnnum í kjördæminu.

Kjörsókn var þessi:

Kl. 11:30	11,32%
Kl. 15:00	35,8%
Kl. 17:30	51,72%

Kl. 17:30 kom fyrsti kjörkassi á talningarstað frá kjördeildinni á Sauðárkróki. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og Hilmar Hilmarsson lögreglumaður afhenti kassann.

Kl. 17:50 sóttu Ingi Tryggvason og Katrín Pálsdóttir kjörkassa í kjördeildina í Borgarnesi.

Kl. 18:17 komu kjörkassar úr fjórum kjördeildum á Akranesi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassinn var afhentur af Kötlu Gunnarsdóttur og Jakob Mroczek.

Kl. 18:48 kom kjörkassi frá kjördeildunum í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og var kassinn afhentur af Gunnari Erni Kárasyni.

Kl. 19:22 kom þrír kjörkassar úr kjördeildum á Ísafirði. Flutninginn annaðist lögreglan á Vestfjörðum og var kassinn afhentur af Árna Ívarssyni lögreglumanni.

Talningarfólk kom á staðinn um kl. 18:30 og kl. 19:10 hófst flokkun atkvæða og þá var salnum þar sem talið var lokað fyrir utanaðkomandi.

Kl. 20:30 kom kjörkassi úr Skorradalshreppi og var hann afhentur af Davíð Péturssyni.

Kl. 21:30 komu kjörkassar úr kjördeildum í Lyngbrekku og Lindartungu í Borgarbyggð. Kassarnir var afhentur af Guðna Haraldssyni.

Kl. 22:40 komu kjörkassar úr Dalabyggð, Reykhólahreppi, Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. Kassarnir voru fluttir og afhentir af Sveini Gestssyni og Valdísi Einarsdóttur kjörstjórnarfólki í Dalabyggð.

Kl. 22:48 kom kjörkassi úr Hvalfjarðarsveit og var hann afhentur af Guðmundi Ólafssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:40 komu kjörkassar úr kjördeildunum í Brúarási og Kleppjárnsreykjum í Borgarbyggð og voru þeir afhentir af Guðmundi Sigurðssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:45 kom kjörkassi úr kjördeildinni í Þinghamri, Borgarbyggð, og var hann afhentur af Erlu Gunnlaugsdóttur kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:55 kom kassi úr kjördeildinni í Borgarnesi og var hann afhentur af Finnboga Rögnvaldssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 01:03 komu kjörkassar frá Húnaþingi vestra, Húnavatnshreppi, Blönduósi, Skagaströnd og Skagabyggð. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og voru kassarnir afhentir af Hilmarí Hilmarssyni lögreglumanni.

Kl. 01:50 komu kjörkassar úr fjórum kjördeildum á Akranesi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassarnir voru afhentir af Kötlu Gunnarsdóttur og Jakob Mroczek.

Kl. 01:55 komu kjörkassar úr Snæfellsbæ (kjördeildir í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli), Stykkishólmi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassarnir voru afhentir af Gunnari Erni Kárasyni.

Kl. 02:13 komu kjörkassar úr Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og voru kassarnir afhentir af Matthíasí H. Guðmundssyni lögreglumanni.

Kl. 04:03 komu kjörkassar frá Vesturbyggð, Tálknafirði, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi. Flutninginn annaðist lögreglan á Vestfjörðum og voru kassarnir afhentir af Ingvari Jakobssyni lögreglumanni.

Í kjölfarið á því að kjörkassar bárust á talningarstað voru þeir opnaðir og farið yfir gerðarbækur og skýrslur sem fylgdu þeim. Eftir að afstemming hafði farið fram fóru atkvæðaseðlar í flokkun og seinna í talningu eftir að hún hófst.

Enginn ágreiningur varð um þá kjörseðla sem voru taldir ógildir því þeir voru allir án vafa ógildir.

Meðan á talningu stóð voru umboðsmenn þessarar framboða viðstaddir alla vega hluta af þeim tíma sem talning stóð yfir:

- Flokkur fólksins Ágúst Heiðar Ólafsson

- Samfylking Guðrún Vala Elísdóttir
- Sósíalístaflokkur Ágústa Anna Ólafsdóttir
- Sjálfstæðisflokkur Þorsteinn Pálsson
- Viðreisn Eiríkur Þór Theodórsson
- Vinstri grænir Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Talningu atkvæða lauk um kl. 07:15 og talningarfólk yfirgaf þá staðinn.

Niðurstaðan var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
• Framsóknarflokkur B listi	4.443
• Viðreisn C listi	1.072
• Sjálfstæðisflokkur D listi	3.887
• Flokkur fólksins F listi	1.513
• Sósíalístaflokkur J listi	721
• Miðflokkur M listi	1.283
• Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72
• Píratar P listi	1.082
• Samfylking S listi	1.196
• Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.979
• Auðir seðlar	394
• Aðrir ógildir seðlar	24

Samtals greidd atkvæði 17.666

Fundi var frestað kl. 07:35 og ákveðið að honum yrði framhaldið kl. 13:00.

Meðan á fundarfrestun stóð voru kjörgögn geymd í salnum þar sem talningin fór fram en hann var læstur og öryggismyndavélar eru við inngang hans.

Kl. 11:46 kom oddviti aftur á talningarstað en um það leyti hafði Kristín Edwald formaður landskjörstjórnar samband við oddvitann og skýrði frá því að lítill munur væri á atkvæðafjölda að baka jöfnunarsætum í Norðvestur- og Suðurlkjördæmi. Var því beint til yfirkjörstjórnar hvort tilefni væri til nánari skoðunar vegna þessa.

Kl. 12:15 mætti Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir á talningarstað.

Kl. 12:30 mætti Berglind Lilja Þorbergsdóttir starfsmaður yfirkjörstjórnar.

Kl. 13:00 mættu Guðrún Sighvatsdóttir, Bragi Axelsson og Katrín Pálsdóttir á talningarstað. Var fundi þá framhaldið.

Vegna ábendingar formanns landskjörstjórnar var ákveðið að fara yfir atkvæði greidd C lista Viðreisnar. Í fyrsta C atkvæðabunka sem oddviti tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista. Yfirkjörstjórn fór í framhaldi

yfir öll atkvæði C lista þ.e. athugaði hvort öll önnur en fyrrgreind atkvæði D og B lista tilheyrðu ekki örugglega C lista sem voru í bunkum merktum C. Svo reyndist vera en þá lá fyrir að mannleg mistök höfðu átt sér stað við talningu atkvæða undir morgun og níu atkvæði höfðu ranglega lent í atkvæðabunka C lista sem tilheyrðu öðrum framboðslistum. Með hliðsjón af þessu taldi yfirkjörstjórn ekki annað fært en að endurtelja öll atkvæði sem talin höfðu verið og yfirfara annað sem kynni að hafa leitt til þess að fyrrgreind niðurstaða um fjölda atkvæða hvers framboðslista væri ekki rétt.

Í kjölfarið var talningarfólk kallað út og oddviti hafði samband við umboðsmenn framboðanna og tilkynnti um endurtalninguna. Í því sambandi skal þess getið að vegna Pírata reyndi oddviti að hringja í Helga S. Þorsteinsson sem afhent hafði yfirkjörstjórn framboðslista flokksins en oddvita hafði láðst að uppfæra lista yfir umboðsmenn flokksins en það voru tveir efstu menn á framboðslista hans. Ekki náðist í Helga en skömmu síðar hafði Magnús Norðdahl samband við oddvita yfirkjörstjórnar þar sem hann hafði frétt af endurtalningunni. Magnús mætti síðan á talningarstað skömmu eftir að endurtalning hófst. Þannig af hálfu framboða voru þessir mættir:

Píratar	Magnús Norðdahl
Flokkur fólksins	Eyjólfur Ármannsson
Sósíalistaflokkur	Helga Thorberg
Viðreisn	Birta Þórðardóttir og Bjarney Bjarnadóttir
Vinstri græn	Þegar leið á talninguna var einnig mættur Guðmundur Gunnarsson
	Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Endurtalningin hófst um kl. 15:10 og fór þannig fram að fyrst var öllum atkvæðaseðlum flett og athugað hvort að í atkvæðabunkum hvers framboðslista væri ekki aðeins atkvæðaseðlar merktir viðkomandi framboði. Í framhaldi af því voru atkvæðaseðlar taldir að nýju í 50 seðla búnt. Endurtalningu lauk um kl. 18:05.

Niðurstaða endurtalningar var þessi:

Stjórn mála flokkur:	Atkvæðafjöldi:
Framsóknarflokkur B listi	4.448
Viðreisn C listi	1.063
Sjálfstæðisflokkur D listi	3.897
Flokkur fólksins F listi	1.510
Sósíalistaflokkur J listi	728
Miðflokkur M listi	1.278
Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	73
Píratar P listi	1.081
Samfylking S listi	1.195
Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.978
Auðir seðlar	382
Ógildir seðlar	35

Samtals greidd atkvæði 17.668

Vegna breytinga frá fyrri talningu tekur yfirkjörstjórn þetta fram:

- Heildaratkvæðum fjölgaði um tvö vegna innsláttarvillu í lok fyrri talningar
- Auðir seðlar voru í fyrri talningu taldir vera 394 en reyndust vera 382 og hafði því fækkað um 12. Skýringin á því er sú að 11 af þessum seðlum voru ógildir en höfðu fyrir mistök verið taldir með auðum seðlum. Einn seðill sem talinn hafði verið ógildur var það sannanlega ekki þar sem ekkert auðkenni var á honum nema X í kassanum fyrir framan viðkomandi listabókstaf. En það skal tekið fram að þessi atkvæðaseðill tilheyrði hvorki C né M lista.
- Atkvæðum C lista fækkaði um níu en þau höfðu mislagst í C bunka, en átta þeirra tilheyrðu D lista en eitt B lista.
- Atkvæðum D lista fjölgaði um 10 en þar af voru átta í atkvæðabunka C lista, sbr. ofanritað og tvö önnur höfðu mislagst í aðra bunka en D lista.
- Allar aðrar breytingar eru vegna þess að eitt og eitt atkvæði hafði mislagst í atkvæðabunkum.

Að lokinni endurtalningu var þeim sem voru á staðnum kynntar niðurstöður hennar.

Yfirkjörstjórn tekur fram að þær breytingar sem urðu við endurtalningu eru vegna mannlegra mistaka og harmar yfirkjörstjórn að þær hafi hátt sér stað og biðst velvirðingar á þeim. En með endurtalningunni telur yfirkjörstjórn að hún hafi leiðrétt þessi mistök.

Að lokinni endurtalningu voru kjörgögn þ.m.t. atkvæðaseðlar fluttir til geymslu í innsiglaðan fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi og þar verða gögnin geymd þar til kærufrestur verður liðinn. Oddvita er falið að láta eyða gögnunum að kærufresti liðnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:44.

Fundargerð ritaði Ingi Tryggvason

Upplesið, staðfest rétt.

Bragi R. Axelsson
Guðrún Sighvatsdóttir
Ingi Tryggvason
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
Katrín Pálsdóttir

I


12-1


Rannsókn nr.	Skjal nr.
313-2021-020554	



Grunnteikningar af Hótel Borgarnesi –
Talningasvæði alþingiskosninga 2021
Staðsetning útganga og eftirlitsmyndavéla.

Akranesi, 30.09.2021



Jonas H. Ottósson
lögreglufulltrúi



Staðsetning eftirlitsmyndavéla


Inngangur í sal Hótel Borgarness þar sem talning atkvæða fór fram.

Talningasvæði



12-4

Staðsetning og sjónsvið myndavéla í sal Hótel Borgarness.



Myndavél við starfsmannarými og jaðar sjónsviðs

Skilveggur uppsettur til að aðskilja sal frá öðrum rýmum.

Myndavél við bar og jaðar sjónsviðs.

Talningasvæði alþingiskosninga í Norðvestur kjördæmi.

Bók þessi, sem er 300-þjúkunda-
tölusellar bladsíða, gegnumdrögin og með
innsigli ráðuneyfisins, löggildist hér með
til að vera

fundargenta bók
fyrir upplýsingar Norðvesturlandshins.
Í dóms- og kirkjumálaráðuneyfinu,
29. maí 2007.

F.h. r.

Thráttur Jóns Ólafssonar



FUNDARGERÐ

Laugardaginn 25. september 2021 kl. 09:30 kom yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis saman til fundar á Hótel, Borgarnesi. Við upphaf fundar voru mætt Ingi Tryggvason oddviti og Guðrún Sighvatsdóttir. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir mætti kl. 10:30 og aðeins seinna komu til fundarins Bragi R. Axelsson og Katrín Pálsdóttir.

Þá er mætt Berglind Lilja Þorbergsdóttir starfsmaður yfirkjörstjórnar.

Tílefni fundarins eru kosningar til Alþingis.

Fram eftir degi voru verkefni yfirkjörstjórnar undirbúningur fyrir flokkun og talningu atkvæða að loknum kjörfundi, taka saman tölur um kjörsókn og svara fyrirspurnum frá kjörstjórnnum í kjördæminu.

Kjörsókn var þessi:

Kl. 11:30	11,32%
Kl. 15:00	35,8%
Kl. 17:30	51,72%

Kl. 17:30 kom fyrsti kjörkassi á talningarstað frá kjördeildinni á Sauðárkróki. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og Hilmar Hilmarsson lögreglumaður afhenti kassann.

Kl. 17:50 sóttu Ingi Tryggvason og Katrín Pálsdóttir kjörkassa í kjördeildina í Borgarnesi.

Kl. 18:17 komu kjörkassar úr fjórum kjördeildum á Akranesi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassinn var afhentur af Kötlu Gunnarsdóttur og Jakob Mroczek.

Kl. 18:48 kom kjörkassi frá kjördeildunum í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og var kassinn afhentur af Gunnari Erni Kárasyni.

Kl. 19:22 kom þrír kjörkassar úr kjördeildum á Ísafirði. Flutninginn annaðist lögreglan á Vestfjörðum og var kassinn afhentur af Árna Ívarssyni lögreglumanni.

Talningarfólk kom á staðinn um kl. 18:30 og kl. 19:10 hófst flokkun atkvæða og þá var salnum þar sem talið var lokað fyrir utanaðkomandi.

Kl. 20:30 kom kjörkassi úr Skorradalshreppi og var hann afhentur af Davíð Péturssyni.

Kl. 21:30 komu kjörkassar úr kjördeildum í Lyngbrekku og Lindartungu í Borgarbyggð. Kassarnir var afhentur af Guðna Haraldssyni.

I-1.

Kl. 22:40 komu kjörkassar úr Dalabyggð, Reykhólahreppi, Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. Kassarnir voru fluttir og afhentir af Sveini Gestssyni og Valdísi Einarsdóttur kjörstjórnarfólki í Dalabyggð.

Kl. 22:48 kom kjörkassi úr Hvalfjarðarsveit og var hann afhentur af Guðmundi Ólafssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:40 komu kjörkassar úr kjördeildunum í Brúarási og Kleppjárnsreykjum í Borgarbyggð og voru þeir afhentir af Guðmundi Sigurðssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:45 kom kjörkassi úr kjördeildinni í Þinghamri, Borgarbyggð, og var hann afhentur af Erlu Gunnlaugsdóttur kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:55 kom kassi úr kjördeildinni í Borgarnesi og var hann afhentur af Finnboga Rögnvaldssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 01:03 komu kjörkassar frá Húnaþingi vestra, Húnavatnshreppi, Blönduósi, Skagatrönd og Skagabyggð. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og voru kassarnir afhentir af Hilmari Hilmarssyni lögreglumanni.

Kl. 01:50 komu kjörkassar úr fjórum kjördeildum á Akranesi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassarnir voru afhentir af Kötlu Gunnarsdóttur og Jakob Mroczek.

Kl. 01:55 komu kjörkassar úr Snæfellsbæ (kjördeildir í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli), Stykkishólmi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassarnir voru afhentir af Gunnari Erni Kárasyni.

Kl. 02:13 komu kjörkassar úr Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og voru kassarnir afhentir af Matthíasi H. Guðmundssyni lögreglumanni.

Kl. 04:03 komu kjörkassar frá Vesturbyggð, Tálknafirði, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ. Flutninginn annaðist lögreglan á Vestfjörðum og voru kassarnir afhentir af Ingvari Jakobssyni lögreglumanni.

Í kjölfarið á því að kjörkassar bárust á talningarstað voru þeir opnaðir og farið yfir gerðarbækur og skýrslur sem fylgdu þeim. Eftir að afstemming hafði farið fram fóru atkvæðaseðlar í flokkun og seinna í talningu eftir að hún hófst.

Enginn ágreiningur varð um þá kjörseðla sem voru taldir ógildir því þeir voru allir án vafa ógildir.

Meðan á talningu stóð voru umboðsmenn þessarar framboða viðstaddir alla vega hluta af þeim tíma sem talning stóð yfir:

- Flokkur fólksins Ágúst Heiðar Ólafsson

- Samfylking Guðrún Vala Elísdóttir
- Sósíalistaflokkur Ágústa Anna Ólafsdóttir
- Sjálfstæðisflokkur Þorsteinn Pálsson
- Viðreisn Eiríkur Þór Theodórsson
- Vinstri grænir Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Talningu atkvæða lauk um kl. 07:15 og talningarfólk yfirgaf þá staðinn.

Niðurstaðan var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
• Framsóknarflokkur B listi	4.443
• Viðreisn C listi	1.072
• Sjálfstæðisflokkur D listi	3.887
• Flokkur fólksins F listi	1.513
• Sósíalistaflokkur J listi	721
• Miðflokkur M listi	1.283
• Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72
• Píratar P listi	1.082
• Samfylking S listi	1.196
• Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.979
• Auðir seðlar	394
• Aðrir ógildir seðlar	24

Samtals greidd atkvæði 17.666

Fundi var frestað kl. 07:35 og ákveðið að honum yrði framhaldið kl. 13:00.

Meðan á fundarfrestun stóð voru kjörgögn geymd í salnum þar sem talningin fór fram en hann var læstur og öryggismyndavélar eru við inngang hans.

Kl. 11:46 kom oddviti aftur á talningarstað en um það leyti hafði Kristín Edwald formaður landskjörstjórnar samband við oddvitann og skýrði frá því að lítil munur væri á atkvæðafjölda að baka jöfnunarsætum í Norðvestur- og Suðurlkjördæmi. Var því beint til yfirkjörstjórnar hvort tilefni væri til nánari skoðunar vegna þessa.

Kl. 12:15 mætti Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir á talningarstað.

Kl. 12:30 mætti Berglind Lilja Þorbergsdóttir starfsmaður yfirkjörstjórnar.

Kl. 13:00 mættu Guðrún Sighvatsdóttir, Bragi Axelsson og Katrín Pálsdóttir á talningarstað. Var fundi þá framhaldið.

Vegna ábendingar formanns landskjörstjórnar var ákveðið að fara yfir atkvæði greidd C lista Viðreisnar. Í fyrsta C atkvæðabunka sem oddviti tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista. Yfirkjörstjórn fór í framhaldi

I 13-4

yfir öll atkvæði C lista þ.e. athugaði hvort öll önnur en fyrrgreind atkvæði D og B lista tilheyrðu ekki örugglega C lista sem voru í bunkum merktum C. Svo reyndist vera en þá lá fyrir að mannleg mistök höfðu átt sér stað við talningu atkvæða undir morgun og nú atkvæði höfðu ranglega lent í atkvæðabunka C lista sem tilheyrðu öðrum framboðslistum. Með hliðsjón af þessu taldi yfirkjörstjórn ekki annað fært en að endurtelja öll atkvæði sem talin höfðu verið og yfirfara annað sem kynni að hafa leitt til þess að fyrrgreind niðurstaða um fjölda atkvæða hvers framboðslista væri ekki rétt.

Í kjölfarið var talningarfólk kallað út og oddviti hafði samband við umboðsmenn framboðanna og tilkynnti um endurtalninguna. Í því sambandi skal þess getið að vegna Pírata reyndi oddviti að hringja í Helga S. Þorsteinsson sem afhent hafði yfirkjörstjórn framboðslista flokksins en oddviti hafði láðst að uppfæra lista yfir umboðsmenn flokksins en það voru tveir efstu menn á framboðslista hans. Ekki náðist í Helga en skömmu síðar hafði Magnús Norðdahl samband við oddvita yfirkjörstjórnar þar sem hann hafði frétt af endurtalningunni. Magnús mætti síðan á talningarstað skömmu eftir að endurtalning hófst. Þannig af hálfu framboða voru þessir mættir:

Píratar	Magnús Norðdahl
Flokkur fólksins	Eyjólfur Ámannsson
Sósíalistaflokkur	Helga Thorberg
Viðreisn	Birta Þórðardóttir og Bjarney Bjarnadóttir
	Þegar leið á talninguna var einnig mættur Guðmundur Gunnarsson
Vinstri græn	Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Endurtalningin hófst um kl. 15:10 og fór þannig fram að fyrst var öllum atkvæðaseðlum flett og athugað hvort að í atkvæðabunkum hvers framboðslista væri ekki aðeins atkvæðaseðlar merktir viðkomandi framboði. Í framhaldi af því voru atkvæðaseðlar taldir að nýju í 50 seðla búnt. Endurtalningu lauk um kl. 18:05.

Niðurstaða endurtalningar var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
Framsóknarflokkur B listi	4.448
Viðreisn C listi	1.063
Sjálfstæðisflokkur D listi	3.897
Flokkur fólksins F listi	1.510
Sósíalistaflokkur J listi	728
Miðflokkur M listi	1.278
Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	73
Píratar P listi	1.081
Samfylking S listi	1.195
Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.978
Auðir seðlar	382
Ógildir seðlar	35

Samtals greidd atkvæði 17.668

I. i.

Vegna breytinga frá fyrri talningu tekur yfirkjörstjórn þetta fram:

- Heildaratkvæðum fjölgaði um tvö vegna innsláttarvillu í lok fyrri talningar
- Auðir seðlar voru í fyrri talningu taldir vera 394 en reyndust vera 382 og hafði því fækkað um 12. Skýringin á því er sú að 11 af þessum seðlum voru ógildir en höfðu fyrir mistök verið taldir með auðum seðlum. Einn seðill sem talinn hafði verið ógildur var það sannanlega ekki þar sem ekkert auðkenni var á honum nema X í kassanum fyrir framan viðkomandi listabókstaf. En það skal tekið fram að þessi atkvæðaseðill tilheyrði hvorki C né M lista.
- Atkvæðum C lista fækkaði um níu en þau höfðu mislagst í C bunka, en átta þeirra tilheyrðu D lista en eitt B lista.
- Atkvæðum D lista fjölgaði um 10 en þar af voru átta í atkvæðabunka C lista, sbr. ofanritað og tvö önnur höfðu mislagst í aðra bunka en D lista.
- Allar aðrar breytingar eru vegna þess að eitt og eitt atkvæði hafði mislagst í atkvæðabunkum.

Að lokinni endurtalningu var þeim sem voru á staðnum kynntar niðurstöður hennar.

Yfirkjörstjórn tekur fram að þær breytingar sem urðu við endurtalningu eru vegna mannlegra mistaka og harmar yfirkjörstjórn að þær hafi hátt sér stað og biðst velvirðingar á þeim. En með endurtalningunni telur yfirkjörstjórn að hún hafi leiðrétt þessi mistök.

Að lokinni endurtalningu voru kjörgögn þ.m.t. atkvæðaseðlar fluttir til geymslu í innsiglaðan fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi og þar verða gögnin geymd þar til kærufrestur verður liðinn. Oddvita er falið að láta eyða gögnunum að kærufresti liðnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:44.

Fundargerð ritaði Ingi Tryggvason



Upplesið, staðfest rétt.

Bragi R. Axelsson
Guðrún Sighvatsdóttir
Ingi Tryggvason
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
Katrín Pálsdóttir